

Ársskýrsla 2014



Starfsfólk á 150 ára afmælisfagnaði Bókasafns Akraness.

Frá v.: Gerður J. Jóhannsdóttir, Nanna Þóra Áskelsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Ásta Björnsdóttir, Erla Dís Sigurjónsdóttir og Geirlaug Jóna Rafnsdóttir.

Lykiltölur 2014:

Útlánuð gögn: 54.662 (60.786)*

Útlán á íbúa: 8,07 (9,08) safngögn.

Gestir: 44.000 (40.000)

Millisafnalán: 346 (470) safngögn.

Skráðir lánþegar í árslok 2014: 1.684 (1.739). Þriggja ára tímabil: 3.057 (3.152) lánþegar.

Heimsóknir (skipulagðar) leikskólabarna: 27 (14) heimsóknir ; 312 (175) börn.

Heimsóknir grunnskólanema: 10 (11) heimsóknir / 195 (181) börn.

Heimsóknir barna á leikjanámskeiðum: 2 (4) heimsóknir; 33 (100) börn.

Þjónustutími: 43/40 (43/40) klst. á viku /þjónustudagar: 278 (276).

Netkaffitölva: 5-10 manns á viku (ekki talið, áætlað).

Svöfusalur: 2 (5) nemendur sækja reglulega fjarfundi ; 0 (0) nemendur tóku próf ; fjöldi prófa : 0 (0).

Svöfusalur: aðgangskort: 30 (31) hafa aðgang 24/7

Bókin heim og útlán á Höfða: 1.519 (3.157) Virkir lánþegar í árslok 14 (13).

Safnkostur skráður í Gegni í árslok 2014: 82.615 (81.460)

Starfsfólk: 6 (6) manns 5.05 (5.05) stöðugildi

Íbúafjöldi í lok árs 2014: 6.770 (6.697)

*(Til samanburðar eru tölur frá árinu áður í sviga).

Tölfræðiupplýsingar sóttar á vef Landskerfis bókasafna, *Árslokátölfræði fyrir árið 2014*.

Stjórn safnsins og starfsfólk

Bókasafn Akraness er almenningubókasafn og rekið af Akraneskaupstað. Safnið starfar samvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012, frá 1. janúar 2013.

Safnið heyrir undir Menningar- og safnanefnd og tók ný stjórn til starfa eftir sveitarstjórnarkosningar. Formaður er Ingþór Bergmann Þórhallsson. Safnið heyrir beint undir bæjarstjóra í skipuriti.

Starfsfólk

Við bókasafnið starfa 6 starfsmenn í 5,05 (5,05) stöðuhlutfalli. Fjórir starfsmenn eru í fullu starfi, einn starfsmaður í 95% starfi og einn starfsmaður í 10% starfi yfir vetrarmánuðina.

Starfsfólk: Halldóra Jónsdóttir, bæjarbókavörður, Nanna Þóra Áskelsdóttir deildarstjóri, staðgengill bæjarbókavarðar. Nanna vinnur einnig við Ljósmyndasafn Akraness; Ásta Björnsdóttir bókavörður / umsjón með barnastarfi; Helgi Steindal bókavörður / millisafnalán, upplýsingaþjónusta; Erla Dís Sigurjónsdóttir bókavörður/ Bókin heim, þjónusta við Höfða, innheimta. Geirlaug Jóna Rafnsdóttir bókavörður ráðin í 50% starf, í launalausum leyfi Helga (1. okt-31. jan 2015). Ólöf Eir Jónsdóttir bókavörður/ sumararfleysingar og laugardagsvaktir yfir vetrarmánuðina. Freyr Karlsson vinnur 2 klst. í viku yfir vetrarmánuðina.

Bókasafn og Héraðsskjalasafn sóttu um og fengu starfsmann í 100% starf í 6 mánuði í samstarfi við Skagastaði. Í starfið var ráðinn Sigurður H. Valgeirsson.

Við Héraðsskjalasafnið starfar Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur í fullu starfi.




Frá kvöldvöku á 150 ára afmæli Bókasafns Akraness, þann 6. nóvember 2014. Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður og Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.


Útlán og stafræn þjónusta

Útlán héldu áfram að dragast saman, milli ára 2013 og 2014. Þessi samdráttur hófst árið 2010 en fram að þeim tíma var aukning útlána á milli ára umtalsverð.

Útlánuð safngögn Bókasafns Akraness voru samtals 54.662 (**60.236**). Samdráttur milli ára er 10% (3,6 %). En starfsemi bókasafna snýst um margt annað en útlán safngagna og fjölgun var á gestakomum í safnið. Gestir árið 2014 44.000 þar af 2.900 gestir á viðburði og 500 skólanemar í safnfræðslu.



Hér má sjá að sumarmánuðir eru topp mánuðir í lestri.



Þróun útlána sýnir að útlánum fækkar og er það almennt að gerast á landsvísu. Hjá Bókasafni Akraness er mikill munur milli ára 2013 og 2014. Safnið hefur ekki fengið þær fjárveitingar til bókakaupa eins og fyrir efnahagshrunið og það þýðir færri eintök, færri lán auk þess sem bóklestur minnkar.


Bókasafn Akraness - Ársskýrsla 2014

Bókin heim lánaði 1.519 (3.157) safngögn. Skýring á fækkun útlána má m.a. rekja til þess að Höfði sagði upp bókasafnsþjónustu í nóvember 2013. Heimilisfólki stendur til boða þjónustan Bókin heim og eru nokkrir í þeirri þjónustu. Á árinu voru 14 einstaklingar virkir í Bókin heim. Koffort - farandbókasafn í leikskóla lánaði 500 (550) bækur.

Útlán og endurlán eftir lánþegastaðu árið 2014

Bókasafn Akraness (AKRAV)	Lánþegastaða	Lán
	01 – Alm lánþegar	26.779 (28.700) -6,6%
	03 – Börn yngri en 18 ára	10.880 (11.807) -7,8%
	04 – Frítt skírteini	13.450 (13.767) -2%
	06 – Bókin heim /skip	1.805 (1.732) 4%
	08 – Stofnanir / fyrirtæki	1.402 (4.310) -67%
	80 – MSL innlend söfn	346 (470) -26%
		54.662 (60.786) -10%

Útlánnum fækkar hjá öllum lánþegahópum nema hjá Bókin heim/skip. Stofnanir, leikskólar hafa dregið verulega úr lánnum.



Meginþungi útlána er síðdegis á daginn. Mikil útlán upp úr kl. 11 skýrist m.a. af laugardagsopnum yfir vetrarmánuðina.

Viðskiptavinir – lánþegar * Daglegur gestafjöldi áætlaður út frá „talningu“ nokkrum sinnum á ári

Skólaheimsóknir, safnfræðsla	195
Leikskólanemar á sögustund	312
Viðburðagestir	2.200
Aðrir, daglegir gestir (talið 2-3 sinnum á ári)*	41.000
Vinnufundir Ljósmyndasafns	329
Samtals:	44.000

Lánþegar

Ef skoðuð er skýrsla um Virka lánþega síðast liðin þrjú ár frá árslokum 2014 eftir lánþegastöðu, eru virkir lánþegar 3.057 (3.152). Það er um 45% (43 %) Akurnesinga. Lánþegar með virk skírteini í árslok 2014 eru 1.684.

Lánþegar eftir lánþegategund í árslok 2014

Bókasafn Akraness (AKRAV)	Tegund	Fjöldi
		94 (93)
	KK	483 (481)
	KV	1.107 (1.165)
		1.684 (1.739)

Lánþegar eftir lánþegastöðu í árslok 2014

Safn	Staða	Fjöldi
Bókasafn Akraness (AKRAV)		
	01 - Alm lánþegar	816 (806)
	03 - Börn yngri en 18 ára	493 (569)
	04 - Frítt skírteini	333 (324)
	06 - Bókin heim /skip	8 (13)
	08 - Stofnanir / fyrirtæki	20 (16)
	80 - MSL innlend söfn	14 (11)
		1.684 (1.739)

Lánþegaskírteini gildir á Akranesi og Borgarnesi.

Útlán Akranes Borganes 2014	Útlán	Lánþegar
Akurnesingar fá lánað frá Borgarnesi	439 (389)	26 (26)
Borgnesingar fá lánað frá Akranesi	462 (464)	40 (41)

Gott samstarf er á milli safnanna á Akranesi og í Borgarnesi og ber þar hæst millisafnalán. Bókasafnið á Akranesi skráir einnig fyrir Borgnesinga, en þar er enginn með skráningarréttindi í Gegni.

Virkir lánþegar, síðastliðin þrjú ár frá árslokum 2014, eftir fæðingarátug og kyni.

Áratugur	KK	KVK
1900-1909	0	1
1910-1919	1	1
1920-1929	10	23
1930-1939	54	102
1940-1949	73	150
1950-1959	72	223
1960-1969	97	239
1970-1979	89	293
1980-1989	73	249
1990-1999	211	318
2000-2009	319	355
2010-2019	19	26
Samtals	1.018	1.980

Samtals: 2.998

Virkir lánþegar, síðastliðin þrjú ár frá árslokum 2014, eftir pósthúnum lögheimilis

Lánþegar dreifast um land allt, fólk er á hreyfingu. Stærsti hópurinn hefur lögheimili á Akranesi, 2.884 og þar á eftir kemur Hvalfjarðarsveit, 192 lánþegar.

Stafræn þjónusta

Bókasafnið er eitt af 163 greiðendum að gagnasafnshluta **hvar.is**. 1. janúar 2015 voru Íslendingar 329.100 (325.671) og íbúar á Akranesi 6.770 (6.697), um 2,05 % landsmanna. Á hvar.is sóttu landsmenn alls 1.177.235 (1.261.809) greinar í Landsaðgang (Morgunblaðið ekki talið með). Þar af var hlutfall Akuresinga 24.000 (25.928) greinar. Á Morgunblaðsvefinn sóttu landsmenn 2.009.862 (2.598.115) greinar. Fækkun 22,65%. Áætluð notkun Akurnesinga er 41.000 (53.262) greinar. [Notkunartölur sóttar á hvar.is, Skýrsla frá mars 2014].

Safnkostur

Heildarfjöldi titla í árslok 2014: 42.235 (41.380)

Heildareign eintaka í árslok 2014 var 82.615 (81.460). Árið 2014 voru 1.140 (1.413) eintök keypt af útgáfu ársins 2014 (2013). Afskrifuð eintök á árinu 1.402 (1.907).

Eintakafjöldi eftir efnistegund í árslok 2014

Bókasafn Akraness (AKRAV)

Bók BOOK	58.549 (57.546)
Gagnasett KIT	189 (184)
Geisladiskur CD	684 (825)
Geisladiskur/hljóðbók CDSPO	710 (766)
Hljómplata LPREC	36 (36)
Innb. tímarit ISSBD	1.940 (1.930)
Kort MAP	17 (17)
Myndband VIDEO	283 (419)
Mynddiskur DVD	905 (875)
Nótur MUSIC	114 (110)
Snælda AUDIO	133 (138)
Snælda/hljóðbók AUDSP	44 (67)
Spil CARD	5 (5)
Tímaritshefti ISSUE	18.844 (18.550)
Tæki EQUIP	6 (6)
Tölvugögn DIGIT	41 (49)
	82.615 (81.460)

Þjónusta

Námsverið Svöfusalur . Nemendur í hjúkrun frá Háskólanum á Akureyri luku námi á vorönn. Tveir nemar á kennarabraut sóttu fjarfundi reglulega á árinu. Um 30 háskólanemendur hafa aðgangskort að námsverinu og geta dvalið þar utan opnunartíma safnsins. Alla virka daga yfir vetrarmánuðina er námsverið opið frá kl. 8 að morgni.

Bókin heim - Þjónusta við Höfða

Bókasafnsþjónusta er í boði fyrir þá sem ekki komast í safnið vegna öldrunar, fötlunar eða sjúkdóma. Einu sinni í mánuði er farið heim með bækur og er valið í samráði við hvern einstakling fyrir sig. 14 einstaklingar voru virkir notendur í Bókin heim á sl. ári.

Barnastarf

Safnfræðsla - safnheimsóknir

Nemendur í 4. bekk grunnskóla koma árlega í skipulagða safnfræðslu. Þau fá að kynnst hvaða þjónusta er þar í boði fyrir lánþega. 6. bekkur sat tíma hjá safnkennara frá Árnastofnun, um handritin og handritasöfnun Árna Magnússonar. Fræðslan var í tengslum við sýninguna Staðarhólsbók rímna. Heimsóknir grunnskólanema: 10 (11) heimsóknir / 195 (181) börn.

Sumarlestur 2013

Að venju stóð Bókasafni Akraness fyrir **Sumarlestri fyrir börn á aldrinum 6 – 12 ára**. Og að venju lánuðu bókasöfn Grundaskóla og Brekkubæjarskóla vinsælar bækur til bókasafnsins. Markmiðið með sumarlestri er að hvetja börn til lesturs, njóta góðra bóka og auka færni sína í lestri milli skólaára. *Lestur er heilsurækt hugans.*

Börnin skráðu sig til leiks frá 1. júní og lauk lestrinum 9. ágúst. Í ár skráðu sig til leiks 148 (228) börn og þar af voru **102 börn** (160) virk, þ.e. komu reglulega í bókasafnið, völdu sér bækur til að lesa, skráðu lesnar bækur í *lesblaðið* sitt og settu miða fyrir hverja lesna bók í bókanetið. Samvinna við foreldra / forráðamenn er mikilvæg, því fylgjast þarf með að barnið lesi það sem skráð er og að barnið lesi bækur er hæfa lestrarfærni þess.

Börnin lásu 922 (1.344) **bækur**, samtals 61.123 (100.541) **blaðsíður**. Að jafnaði hefur því hvert barn lesið um 8 - 9 bækur. Stúlkur voru í meirihluta þátttakenda, en skipting milli kynja var á þessa leið:

Stúlkur	Drengir
63 (108)	39 (52)

Flest börnin eru úr Brekkubæjarskóla og Grundarskóla en einnig eru þó nokkur úr Heiðarskóla eða gestkomandi í bænum. Aldursskipting var sem hér segir:

5 ára - 1 (3) barn	9 ára – 18 (18) börn
6 ára – 16 (20) börn	10 ára – 14 (19) börn
7 ára – 22 (34) börn	11 ára – 6 (17) börn
8 ára – 23 (32) börn	12 ára – 2 (17) börn

Sumarlestur – virkir þáttakendur – til samanburðar eru tölur frá 2013

Fjöldi barna	Stúlkur	Drengir	Lesnar bækur	Fjöldi blaðsíðna	Lesnar bls. pr. barn
102 (160)	63(108)	39 (52)	922 (1.344)	61.123(100.541)	599,2 (628,3)

Samvinna var við Skessuhornið sem birti vikulega stutt viðtal við Lesara vikunnar, meðan á lestri stóð. Sumarlestrinum lauk með Húllumhæ hátíð, miðvikudaginn 13. ágúst, þar sem farið var í ratleik og síðan boðið upp á veitingar. Úr bókanetinu voru dregin nokkur nöfn

heppinna þátttakenda, sem hlutu glaðning frá styrktaraðilum verkefnisins. 70 börn tóku þátt í uppskeruhátíð.



Koffort – farandbókasafn í leikskólann

Í kofforti lánuðust út 500 (550) bækur. 5 koffort, hvert með 50 bækur voru í gangi og lánuðust til allra leikskóla bæjarins. Þetta er annað árið sem verkefnið er í gangi.

Sögustund

Boðið er upp á sögustundir fyrir börn í leikskólum bæjarins. Leikskólar pantu og koma í heimsókn. Skipulagðar heimsóknir leikskólabarna á árinu: 27 (13) heimsóknir : 312 (175) börn. Ein sögustund var á pólsku og komu 5 börn.

Vertu með – bókaverðlaun barnanna

Þáttökuverðlaun vegna Bókaverðlauna barnanna – bestu bækurnar sem komu út árið 2013, voru afhent 1. nóvember 2014.

Tveir þátttakendur hlutu bókaverðlaun og þau heppnu voru Sigríður Vala Ólafsdóttir 7 ára í 3. bekk í Brekkubæjarskóla og Andri Páll 11 ára í Grundaskóla. Bókin **Rangstæður** í Reykjavík eftir Gunnar Helgason hlaut flest atkvæði í flokki íslenskra barnabóka og **Amma glæpon** eftir David Walliams, í þýðingu Guðna Kolbeinssonar, í flokki þýðdra barnabóka.

Á Akranesi tóku 230 krakkar þátt í valinu og þakkar Bókasafn Akraness þeim fyrir þáttökuna.

Verðlaunin voru afhent **í Fjör og læti**, afmælisveislu fyrir börnin í tilefni af 150 ára afmæli bókasafnisins. Sigríður Vala er fyrir miðri mynd í hóp þátttakenda en Andri Páll gat ekki verið viðstaddur og fékk verðlaunin afhent í Grundaskóla.



Heimanámsaðstoð

Tilraun hófst á árinu að bjóða upp á heimanámsaðstoð fyrir nemendur í 4.-10. bekk grunnskóla. Boðið var upp á þjónustuna einn eftirmiðdag í viku.

Verkefnið var unnið í samstarf við sjálfboðaliða Rauða krossins á Akranesi og fór hægt af stað. Fyrirmyndin er Heilahristingur Borgarbókasafnsins.

Viðburðir – Allir viðburðir tileinkaðir 150 ára afmæli bókasafnsins.

Margir viðburðir eru sameiginlegir með héraðsskjala- og ljósmyndasafni.

Staðarhólsbók rímna

Tilfni sýningarinnar var 350 ára afmæli Árna Magnússonar og stóð Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að sýningunni, farandsýning. Á sýningu var sýnt handrit / eftirgerð, kennt við Staðarhól í Saurbæ.

Laugardaginn 1. febrúar flutti Rósa Þorsteinsdóttir þjóðfræðingur erindi um Staðarhólsbók rímna og Steindór Andersen kvað rímur. Í tenglum við sýninguna kom síðan safnkennari frá Árnastofnun og fræddi skólanemendur í 6. bekk grunnskóla um handritin.

Samræða um samfélag – málfundaröð á Bókasafni Akraness

Þrjú málfundir voru á vorönn, fjallað var um nýútkomna bók *Snemmtæk ihlutun í málörvun tveggja og þriggja ára barna*, sem er samstarfsverkefni nokkurra fagaðila í leikskólum Akraness undir verkefnisstjórn Anneyjar Ágústsdóttur leikskólastjóra Akrasels. Annað erindið flutti Amal Tamimi um bókina *Von, ævisögu Amals* sem kom út á árinu 2013. Gestur á þriðja málfundi var Sólveig Sigurðardóttir, félagsráðgjafi hjá Akraneskaupstað og flutti hún erindi um bókina *Eftir skilnað : um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl*.

Akrafjall – sóknarfæri til sköpunar Handverkssýning frá Grundaskóla, í mars – apríl.

24. apríl, á **Safnadegi Vesturlands** var opnuð sýningin *Börnin á Vesturgötu*. Ljósmyndasafnið og Héraðsskjalasafnið stóðu að sýningunni.

Húsamyndir


Þann 30. maí afhenti Vitinn, félag áhugaljósmyndara á Akranesi, Akraneskaupstað ljósmyndir af öllum húsum á Akranesi. Myndirnar eru á stafrænu formi og verða varðveittar hjá Ljósmyndasafni Akraness. Þetta eru um 2.900 myndir, 12,8 GB af gögnum. Myndirnar voru teknar á sl. tveimur árum.

Skapandi skrif, ritsmiðja fyrir börn

Bókasafn Akraness bauð börnum á aldrinum 9–12 ára að taka þátt í ritsmiðju 23. – 27. júní. Leiðbeinandi var Gerður Kristný rithöfundur, auk starfsfólks safnsins. 15 börn tóku þátt í ritsmiðjunni sem lauk með uppskerhátíð, þar sem börnin fluttu brot af verkum sínum. Ritsmiðjan var styrkt af Menningarráði Vesturlands.

Sögubíllinn Æringi og sögukonan Sóla skemmtu börnum á írskum dögum. Mjög vel mætt á viðburðinn, 200 manns. Menningarráð Vesturlands styrkti viðburðinn.

Í júlí var **handverksýning** í safninu, Pétur Elíasson og Ásta Ásgeirsdóttir sýndu útskorna muni. Þau eru bæði fyrrum starfsmenn hjá Akraneskaupstað, komin á eftirlaun.



Bókasafnsdagurinn

“Ef þú átt ekki lánþegaskírteini er tilvalið að heimsækja bókasafnið vikuna 8.-12. september og fá frítt kynningarskírteini (gildir í 3 mánuði). Lestur er bestur. Við tökum vel á móti þér”. Þetta voru skilaboð bókasafnsins á bókasafnsdeginum.

Fyrsta **Dúllustundin** var 23. september.

Handverkskonur hittust reglulega á bókasafninu og hekludu dúllur í tilefni af 150 ára afmæli safnsins . Takmarkið var að hekla a.m.k. 150 dúllur og búa til eitthvað táknrænt. Verkið var afhent 17. febrúar 2015 að viðstöddum bæjarstjóra og fékk nafnið „Fjallið okkar“.



Myndir frá Haraldi Sturlaugssyni

Þann 5. nóvember afhenti Haraldur Sturlaugsson Héraðsskjala- og Ljósmyndasafni Akraness ljósmyndir sínar og Haraldarhúss til stafrænnar varðveislu. Vefurinn haraldarhus.is verður áfram til staðar en varðveisla færirst til Ljósmyndasafns Akraness. Bæjarstjóri Regína Ásvaldsdóttir tók formlega við gagnagrunninum.

Bókasafn Akraness 150 ára, 1864-2014, söguleg sýning

Árið 1864 var stofnað Lestrarfélag á Akranesi, nánar tiltekið 6. nóvember og rekur Bókasafn Akraness upphaf sitt til Lestrarfélagsins. Af því tilefni var sett upp söguleg sýning frá löngu og farsælu starfi bókasafns á Akranesi, elstu stofnunar sveitarfélagsins. Sýndir voru ýmsir skemmtilegir munir úr safnastarfi. Gamla spjaldskráin, bókaskrár, auglýsingar, flokkunarkefið og ekkí síst myndir frá síðari árum dregnar fram í sviðsljósið.

Í heiðursessi voru fyrstu lög og útlánareglur Lestrarfélagsins á Akranesi, samþykkt 6. nóvember 1864. Sýningin stóð yfir út árið.

Á afmælisfagnaði Bókasafns Akraness þann 6. nóvember færði Kiwanisklúbburinn Þyrill Bókasafni Akraness upplýsingaskjá að gjöf. Upplýsingaskjárninn verður staðsettur í aðalrými safnsins og verður notaður til hvers konar kynningar og birtingar á upplýsingum um starfsemi safnanna á Dalbrautinni. Það var Jón Trausti Hervarsson sem færði safninu gjöfina fyrir hönd klúbbsins. Safninu er mikill fengur að þessari gjöf og kemur hún sér mjög vel í

daglegu safnastarfi.

Þá færði bæjarstjóri Regína Ásvaldsdóttir bókasafninu ræðupúlt að gjöf frá Akraneskaupstað og Ingibjörg S. Sverrisdóttir landsbókavörður færði safninu Passúsálma Hallgríms Péturssonar, ljósprentað eiginhandrit Hallgríms Péturssonar frá 1659. Auk þess bárust safninu blóm og afmæliskveðjur frá fyrirtækjum og einstaklingum. Ræðumenn kvöldsins voru Regína Ásvaldsdóttir og Ingibjörg S. Sverrisdóttir.

ADHD hélt tónleika á bókasafninu á Vökudögum

Tónleikar voru á Bókasafni Akraness í upphafi Vökudaga. Góð þátttaka 90 gestir

Menningarverðlaun voru afhent á bókasafninu 30 okt. og komu í hlut Heiðrúnar Hámundardóttur, tónmenntakennara.

Fjör og læti, afmælisveisla fyrir börnin 1. nóvember. Gestir 40 talsins.

Tónleikar **Kalmanns hópsins var** 2. nóvember. Umsjón Sveinn Arnar Sæmundsson. Gestir 120.

Bókmenntakvöld var haldið 3. nóvember undir yfirskriftinni „Viltu hjálpa mér að lifa þessa kátu stund?“ . Dagskrá í umsjón Sigurbjargar Þrastardóttur.

Fram komu: Kristín Steinsdóttir (Vonarlandið), Orri Harðarson (Stundarfró), Ari Jóhannesson (Lífsmörk), Sigurbjörg Þrastardóttir (Kátt skinn og gloría) og Þórgímur Þráinsson (Hjálp). Tónlist í umsjón Karls Hallgrímssonar. 165 gestir kom á bókmenntakvöldið.

Fjölskyldusamsöngur var í bókasafninu 7. nóvember. Umsjón Valgerður Jónsdóttir . Gestir 100 talsins auk barnakórs Grundaskóla.

Mennta- og menningarmálaráðherra heimsótti Akraneskaupstaða **14. nóvember** og var móttakan í bókasafninu vegna verkfalls tónlistarskólakennara.

Norræn bókasafnavika

Hefðbundin dagskrá var á Norrænni bókasafnaviku, aðra vikuna í nóvember, í samvinnu við Norræna félagið á Akranesi. Upplstur var í upphafi vikunnar, Þóra Grímsdóttir sagnaþula las tröllasögur. Kynning og myndasýning frá vinabæjarmótum sl. sumar. Þema vikunnar var *Tröll á Norðurlöndum*. Norrænn skjaladagur var á laugardeginum áður, opið hús.

Desember – Útvarp Akranes útvarpaði fyrstu helgina í aðventu. Þar var boðið upp á Spurningakeppni stofnanna á Akranesi, **Hvað veistu um Akranes ?** Bókasafnið sendi lið, þær Gerði og Geirlaugu og komust þær alla leið í úrslit og hlutu silfursætið. Glæsileg frammistaða hjá okkar fólki.

Bókmenntakvöld á aðventu

Þrír Skagamenn kynntu nýútkomnar bækur sínar mánudagskvöldið 15. desember. Það voru þau Magnús Þór Hafsteinsson (Dauðinn í Dumbshafi), Guðríður Haraldsdóttir (Galdraskjóða Gurrýar) og Smári Jónsson (Pabbi áttu uppskrift ?). 10 gestir mættu á viðburðinn.

Bókasafn Akraness - Ársskýrsla 2014

Erla Dís Sigurjónsdóttir bókavörður hafi veg og vanda af jólaskeytingu á bókasafninu.



Nokkrar tölfræðiskýrslur.

Útlán héldu áfram að dragast saman, á landsvísu, milli ára 2012 og 2013. Þessi samdráttur hófst árið 2010 en fram að þeim tíma var aukning útlána á milli ára umtalsverð. Gestakomum hefur aftur á móti fjölgað um 10% milli ára 2013 og 2014.

Útlán 2008 -2014					
Samanburður					
Árið	Útlán	Lánþegar	Íbúar	Útlán á íbúa	
2008	56.156	1472	6.630	8,4	
2009	58.401	1726	6.559	8,3	
2010	66.047	1802	6.600	10,0	
2011	65.557	1792	6.590	9,95	
2012	63.117	1783	6.636	9,51	
2013	60.786	1739	6.697	9,08	
2014	54.662	1684	6.770	8,07	

Akranesi, 22. apríl 2015,
Halldóra Jónsdóttir, bæjarbókavörður

Niðurstöður ársreikninga 2014

Númer	Heiti	Hreyfing	Áætlun	Mismunur
0290	Aðrar þjónustutekjur	-2.493.500 kr.	-3.188.000 kr.	-694.500 kr.
0340	Húsaleiga	-23.000 kr.	-155.000 kr.	-132.000 kr.
0514	Seldar vörur án vsk	-116.326 kr.	0 kr.	116.326 kr.

Bókasafn Akraness - Ársskýrsla 2014

0860	Styrkir	-975.100 kr.	0 kr.	975.100 kr.
0980	End.gr. ríkissjóðs -stofnana	-665.352 kr.	-563.000 kr.	102.352 kr.
0990	Endurgreiðslur annarra	-377.770 kr.	-73.000 kr.	304.770 kr.
1110	Mánaðarlaun	23.804.869 kr.	24.580.000 kr.	775.131 kr.
1130	Laun lausráðinna starfsmanna	1.301.813 kr.	837.000 kr.	-464.813 kr.
1150	Áfallið orlof	110.301 kr.	133.000 kr.	22.699 kr.
1210	Yfirvinna fastráðinna starfsmanna	7.341.834 kr.	6.793.000 kr.	-548.834 kr.
1230	Yfirvinna lausráðinna starfsmanna	487.827 kr.	237.000 kr.	-250.827 kr.
1810	Tryggingagjald	2.851.424 kr.	2.849.000 kr.	-2.424 kr.
1815	Mannauðssjóður	35.093 kr.	36.000 kr.	907 kr.
1816	Samstarfssjóður sgs	265 kr.	0 kr.	-265 kr.
1820	Mótframlag í líffeyrissjóð	4.430.455 kr.	4.536.000 kr.	105.545 kr.
1830	Sjúkrasjóðir	1.747 kr.	0 kr.	-1.747 kr.
1840	Fjölskyldu- og styrktarsjóðsgj	201.636 kr.	203.000 kr.	1.364 kr.
1850	Endurhæfingarsjóður	42.815 kr.	42.000 kr.	-815 kr.
1910	Orlofsheimilásjóður	174.038 kr.	172.000 kr.	-2.038 kr.
1940	Starfsmenntunarsjóðir	293.669 kr.	313.000 kr.	19.331 kr.
1960	Kaffistofa starfsfólks	152.261 kr.	138.000 kr.	-14.261 kr.
1970	Matarkostnaður	595.432 kr.	182.000 kr.	-413.432 kr.
2020	Bækur, tímarit, blöð	666.828 kr.	611.000 kr.	-55.828 kr.
2030	Ritföng, pappír, bréfabindi	823.228 kr.	334.000 kr.	-489.228 kr.
2050	Tölvuvörur	137.973 kr.	276.000 kr.	138.027 kr.
2080	Kort, myndir, filmur, segulmið	71.170 kr.	31.000 kr.	-40.170 kr.
2090	Aðrar vörur v.ritf.pappír ofl.	205.182 kr.	192.000 kr.	-13.182 kr.
2180	Hreinlætisvörur	78.343 kr.	112.000 kr.	33.657 kr.
2210	Lyf og hjúkrunarvörur	1.245 kr.	3.000 kr.	1.755 kr.
2380	Áburður	1.290 kr.	0 kr.	-1.290 kr.
2620	Járn og annar málmur	2.804 kr.	0 kr.	-2.804 kr.
2760	Raflagnaefni	299 kr.	0 kr.	-299 kr.
2840	Verkfæri og áhöld	546.200 kr.	739.000 kr.	192.800 kr.
2880	Geisladiskar, snældur, myndb.	460.417 kr.	608.000 kr.	147.583 kr.
2882	Bókasafnsbækur	3.438.718 kr.	3.432.000 kr.	-6.718 kr.
2890	Aðrar ótilgreindar vörur	40.395 kr.	0 kr.	-40.395 kr.
4010	Prentun, fjölritun, ljósritun,	28.489 kr.	114.000 kr.	85.511 kr.
4030	Sími og fjarskiptaþjónusta	49.403 kr.	65.000 kr.	15.597 kr.
4050	Póstburðargjöld	74.436 kr.	117.000 kr.	42.564 kr.
4070	Auglýsingar	316.433 kr.	231.000 kr.	-85.433 kr.
4080	Félagsgjöld	27.750 kr.	23.000 kr.	-4.750 kr.
4120	Vöru- og sendiferðabílar	10.596 kr.	33.000 kr.	22.404 kr.
4181	Starfsmannabílar, launabókhald	201.376 kr.	71.000 kr.	-130.376 kr.
4220	Gjafir	87.885 kr.	0 kr.	-87.885 kr.
4240	Fargjöld og dvalarkostnaður	222.018 kr.	68.000 kr.	-154.018 kr.
4250	Dagpeningar og ferðastyrkir	32.400 kr.	0 kr.	-32.400 kr.
4270	Ráðstefnur	14.690 kr.	0 kr.	-14.690 kr.
4280	Námskeið	50.000 kr.	0 kr.	-50.000 kr.
4290	Annar móttökukostnaður	87.177 kr.	0 kr.	-87.177 kr.
4340	Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta	943.145 kr.	800.000 kr.	-143.145 kr.
4350	Lækna- og hjúkrunarþjónusta	15.800 kr.	0 kr.	-15.800 kr.
4430	* Innri leiga	39.680.766 kr.	39.681.000 kr.	234 kr.
4454	Leiga og viðhald posa, án vsk.	69.588 kr.	52.000 kr.	-17.588 kr.
4455	Gámaleiga	35.888 kr.	32.000 kr.	-3.888 kr.
4490	Hússjóður	191.136 kr.	192.000 kr.	864 kr.
4498	Önnur leigugjöld	1.000 kr.	0 kr.	-1.000 kr.
4510	Rafmagn	666.217 kr.	650.000 kr.	-16.217 kr.
4520	Heitt vatn	702.171 kr.	600.000 kr.	-102.171 kr.
4540	Kalt vatn	41.372 kr.	44.000 kr.	2.628 kr.
4610	Lóðir	0 kr.	24.000 kr.	24.000 kr.
4626	Rafþjónusta	13.012 kr.	88.000 kr.	74.988 kr.

Bókasafn Akraness - Ársskýrsla 2014

4628	Pípulagningaþjónusta	0 kr.	24.000 kr.	24.000 kr.
4632	Málningar- og gólfefnaþjónusta	0 kr.	24.000 kr.	24.000 kr.
4650	Viðhald innanstokksmuna	37.375 kr.	0 kr.	-37.375 kr.
4660	Viðhald áhalda	641.195 kr.	338.000 kr.	-303.195 kr.
4760	Lausafjártryggingar	197.100 kr.	200.000 kr.	2.900 kr.
4910	Innheimtukostnaður	48.413 kr.	57.000 kr.	8.587 kr.
4960	Þvottur og hreingerningar	1.885.430 kr.	1.828.000 kr.	-57.430 kr.
4980	Aðkeypt önnur vinna	628.298 kr.	357.000 kr.	-271.298 kr.
4992	Afnota- og þjónustugjöld	1.157.611 kr.	955.000 kr.	-202.611 kr.
4993	Leyfisgjöld	577.274 kr.	700.000 kr.	122.726 kr.
5106	Afr. vinnu með VSK	95.470 kr.	75.000 kr.	-20.470 kr.

Hreyfing: 92.479.437 kr. **Áætlun:** 90.853.000 kr. **Mismunur:** -1.626.437 kr.